



Reglur um tímavinnu eftir sjötugt

1.gr.

Reglur þessar skýra hvernig sveitarfélagið getur veitt starfsmönnum heimild til að starfa hjá sveitarfélaginu eftir sjötugt að þeirra beiðni. Starfsmenn láta af föstu starfi næstu mánaðarmót eftir að þeir eru orðnir sjötugir sbr. ákvæði kjarasamninga en geta óskað eftir að halda áfram störfum samkvæmt reglum þessum.

2.gr.

Að undangengu ferli starfsloka þarf að koma fram ósk starfsmanns um að hann sækist eftir að nýta sér heimild til að starfa hjá sveitarfélaginu eftir sjötugt. Leggja ber fram formlega umsókn. Til að hægt sé að verða við beiðninni þarf stjórnandi að meta þörf á starfskröftum viðkomandi og þá hvort starfið uppfyllir skilyrði þau sem fram koma í reglum þessum. Þá er forsenda fyrir starfi að fjárheimildir geri ráð fyrir því.

3.gr.

Um störf þau sem óskað er eftir heimild til að starfa að gilda eftirfarandi viðmið.

- Störf þurfa að vera áhættulítill og skal liggja að baki áhættumat starfa í þeim tilfellum sem þess er nauðsyn
- Störf mega ekki fela í sér líkamlega áreynslu af neinu tagi
- Störf séu ekki unnin utan hefðbundins dagvinnutíma en þeim megi sinna til 19:00 á virkum degi
- Vinnutími á hverjum degi fari ekki yfir 8 klst.
- Unnir tímar fari ekki yfir 60 á mánuði
- Starfsmaður sé ráðinn í tímavinnu sbr. ákvæði kjarasamninga og vinnuskipulag ákvarðað út frá starfsemi
- Ráðning standi ekki lengur en til þess mánaðar að starfsmaður verður sjötíu og tveggja ára.
- Gerður er ráðningarsamningur um starfið

4.gr.

Kjör og réttindi starfsmanna sem ráðnir eru skv. reglum þessum eru ákvörðuð af kjarasamningi viðkomandi og lögum og reglum sem gilda á vinnumarkaði.

5.gr.

Starfsmanni ber að gæta að því að starfið valdi honum ekki óhæfilegu álagi þannig að það hafi áhrif á heilsufar hans. Telji starfsmaður þörf á getur hann leitað til trúnaðarlæknis.

6.gr.

Reglur þessar skulu endurskoðaðar í ljósi reynslu að tveimur árum liðnum frá setningu þeirra.

Fjarðabyggð 19. júlí 2018

Gunnar Jónsson
Bæjarráttari

Samþykkt í bæjarráði 12. september 2016.

Samþykkt í bæjarstjórn 15. september 2016.

Samþykkt í bæjarráði í umboði bæjarstjórnar 16. júlí 2018, í kjölfar sameiningar Breiðdalshrepps og Fjarðabyggðar.